

**Nd.**

**58. Frumvarp til laga**

[55. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífínu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

**2. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

**3. gr.**

Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.

Rétt til að hefja viðskiptanámið samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlotið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

**4. gr.**

Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.

Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið, stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

**5. gr.**

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi vól á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

- a) Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanámið, og skal nemandi hljóta skirteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum ársáfangi.
- b) Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgangari til starfa í viðskiptalífínu.

Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskipta-fyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

6. gr.

Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

7. gr.

Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

8. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

9. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veittur styrkur, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
- b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

11. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Því fylgdi svofelld greinargerð og fylgiskjöl:

Síðan 1. janúar 1970 hefur menntamálaráðuneytið farið með málefni verslunarskóla, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Með bréfi dags. 7. mars 1970 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við skólastjóra Verslunarskóla Íslands dr. Jón Gíslason og skólastjóra Samvinnuskólans sr. Guðmund Sveinsson, að þeir gerðu tillögur til ráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu. Í svarbréfi skólastjóranna 21. desember 1970 er farið fram á, að skipuð verði fjölmennari nefnd í málið. Ákvað þáverandi menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason að verða við þeim tilmælum, og 29. apríl 1971 var nefndin skipuð og skyldi hún skila tillögum sínum í framvarpsformi.

Í nefndina voru skipaðir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, deildarstjórnir Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, skólastjórnir séra Guðmundur Sveinsson og dr. Jón Gíslason, allir skipaðir án tilnefningar; Hjörtur Hjartarson, forstjóri og Gísli V. Einarsson, viðskiptafræðingur, skipaðir samkv. tilnefningu Verslunarráðs Íslands, Eysteinn Jónsson, forseti sameinaðs Alþingis, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, og Ólvir Karlsson, oddviti, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hefur nefndin skilað til ráðuneytisins frumvarpi til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hér er lagt fram, eins og nefndin gekk frá því.

Af hálfu nefndarinnar fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Nefnd sú, sem skipuð var 29. apríl 1971 til þess að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu, hefur samið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 6. maí 1971 og lokafund 28. september 1973, en alls hélt nefndin tíu fundi, auk þess sem undirnefndir störfuðu.

Eru nefndarmenn sammála um öll atriði frumvarpsins.

Þegar frumvarpið hafði verið samið, var það sent eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- 1) Félagi ísl. stórkaupmanna,
- 2) Félagi viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands,
- 3) Fræðsludeild Sambands ísl. samvinnufélaga,
- 4) Kaupmannasamtökum Íslands,
- 5) Kaupfélagsstjórafélaginu,
- 6) Kennarafélagi Verslunarskóla Íslands,
- 7) Landssambandi ísl. verslunarmanna,
- 8) Námsráði Samvinnuskólans,
- 9) Nemendasambandi Samvinnuskólans,
- 10) Nemendasambandi Verslunarskóla Íslands,
- 11) Sambandi verslunarskólakennara,
- 12) Samvinnuskólanum (kennurum),
- 13) Stjórn og framkvæmdastjórn Sambands ísl. samvinnufélaga,
- 14) Verslunarmannafélagi Reykjavíkur,
- 15) Verslunarráði Íslands, og
- 16) Viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Þær umsagnir, sem borist hafa, eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjöl I—IX. Þær eru yfirleitt jákvæðar. Frá því að frumvarpið var sent til umsagnar, hefur einungis verið gerð á því ein breyting og er hún í 5. gr., þ. e. að notað er orðið stúdentspróf, en ekki verslunarstúdentspróf. Er þessi breyting gerð samkvæmt ábendingu í umsögn Verslunarráðs Íslands og Kennarafélags Verslunarskólans. Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á menntun starfsfólks í smásöluverslunum.

Er nefndin sammála því og og væntir, að ákvæði 4. og 5. greinar frumvarpsins tryggi þetta nægilega vel. Að því er varðar ábendingu Nemendasambands Verzlunarskóla Íslands um að lögbinda fleiri námsgreinar í kjarna, þá telur nefndin, að eðlilegra sé að fjalla um þetta í sambandi við gerð námsskrár, heldur en að binda það í lögnum sjálfum. Kennarafélag Verzlunarskóla Íslands telur varhugavert, að nemendur eigi þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi, og finnst ákvæði þetta ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma. Nefndin treystir sér ekki til að breyta frumvarpinu í þá átt að lengja leiðina til stúdentsprófs, en vekur athygli á, að að sjálf-sögðu geta menn farið þessa leið mishratt eftir því hvernig undirbúningur þeirra er.

Námsráð Samvinnuskólans vekur athygli á ýmsum atriðum, m. a. stofnun ráðgefandi nefndar með fulltrúum frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að skapa sem best tengsl við atvinnulífið á hverjum tíma. Nefndin treystir að sjálf-sögðu á, að gott samstarf verði milli skólanna og forráðamanna atvinnufyrirtækja, og telur ekki þörf á að koma á fót sérstakri ráðgefandi nefnd í þessu sambandi, þar sem slíkt gæti orðið of þungt í vöfum. Ekki telur nefndin heldur fært að taka beinlínis tillit til aldurs nemenda við inntöku í skóla, en benda má á, að ákvæði 3. gr. um undirbúningsmenntun eru ekki rígskorðuð við grunnskólapróf eingöngu, heldur er jafnframt viðurkennd önnur hliðstæð menntun, sem skólastjórn metur gilda. Að því er varðar kennslu í einhverri einni grein félagsvísinda, þá telur nefndin eðlilegast, að slíkt verði athugað í sambandi við gerð námsskrár, en vill ekki binda það í kjarna. Þess þarf að sjálf-sögðu að gæta á starfsþjálfunartíma nemenda, að þeim sé veitt tækifæri til raunverulegrar starfsþjálfunar, en ekki notaðir sem ódýrt vinnuafli og þannig rýrðir tekjumöguleikar þeirra. Einnig þetta atriði varðar væntanlega námsskrá. Ekki telur nefndin neitt því til fyrirstöðu í frumvarpinu, að skólastjórn verði stefnumótandi í starfi skólanna, en að sjálf-sögðu er ætlast til, að farið verði eftir lögum, námsskrám og reglugerðum, sem settar verða, og gildir slíkt auðvitað um alla skóla, og er ekki síst í þágu nemenda að svo sé.

Þetta eru helstu atriðin, sem bent hefur verið á í umsögnum, auk þess að láta í ljós stuðning við frumvarpið og áhuga á framgangi þess.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að nemendur, sem lokið hafa grunnskólanámi, þ.e. núverandi 8 ára skyldunámi og einu skólaári til viðbótar, eða hlotið hliðstæða menntun, eigi þess kost að afla sér menntunar til undirbúnings undir störf í viðskiptalífínu og jafnframt að treysta almennan þekkingargrundvöll sinn. Frumvarpið kveður á um, að námsefnið skuli greinast í kjarna og kjörsvið. Eru tilgreindar sjö greinar, sem vera skuli í kjarna og þá kenndar öllum nemendum skólanna, en þessar greinar eru: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Þar til viðbótar geti menn valið sér námsgreinar, kjörsvið, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefninu verður skipt í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi t. d. í öðrum skólum, þar eð gert er ráð fyrir, að námið verði þáttur í samræmdri menntun á framhalds-skólastigi og geti farið fram í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo hins vegar í sérstökum verzlunarskólum eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur um. Er miðað við, að slíkir sérskólar verði stofnaðir eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til og verði þeir ríkisskólar og hinn fyrsti skóli, sem stofnaður verður þeirrar tegundar, rísi á Akureyri.

Eins og áður segir eru sjö námsgreinar tilfærðar sem námskjarni, er öllum nemendum á að vera sameiginlegt að læra, en síðan er gert ráð fyrir, að aðrar námsgreinar verði ákveðnar í námsskrá og þykir viðurhlutamikið að binda í lögum fleiri námsgreinar en brýna nauðsyn ber til, svo að unnt sé án lagabreytinga að breyta námsefni skólanna eftir því sem kröfur tímanna gera nauðsynlegt eða æskilegt. Viðskiptamenntun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðast við að nemendur eigi vöð á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf og

deildarstjórstörf í verslunum og stjórnunarstörf. Ennfremur er gert ráð fyrir, að nemendur eigi þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þá framhaldsnám í háskóla, hvort sem er í viðskiptafræðum eða öðrum greinum. Viðskiptanám á framhaldsskólastigi er ráðgert eins til fjögurra ára nám, þ. e. eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám og síðan eins árs viðbótarnám, sem veiti nemendum menntun til stúdentsprófs. Um stúdentspróf þetta er það að segja, að nefndin ætlast til þess, að það gildi eins og önnur stúdentspróf til inngöngu í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir þær stofnanir, og auk þess á þetta viðbótarár að hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífínu, þótt þeir fari ekki til frekara náms.

Gert er ráð fyrir, að hluti af viðskiptanáminu á framhaldsskólastigi sé fólgið í starfsþjálfun og geti þeir skólar, sem annast viðskiptamenntunina, falið viðskiptafyrirtækjum tiltekna þætti þessarar þjálfunar, og er mjög æskilegt og nauðsynlegt, að um þetta takist gott samstarf milli skólanna og hinna ýmsu atvinnufyrirtækja. Með slíkri tilhöggun verður nemendunum ljósara en ella hvers hin ýmsu störf krefjast. Tekið er fram, að nemendur skuli fá skirteini og vitnisburð í lok hvers námsárs, því að þeir munu vafalaust halda mislangt á námsbrautinni og er því sjálfsagt fyrir þá, bæði vegna atvinnuleitar og hugsanlegs náms síðar, að hafa skirteini um hvaða námsáfangu þeir hafa lokið.

Að því er varðar fjárhagshlið þessara mála, þá er tekið fram í frumvarpinu, að allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstakra skóla, sem ríkið stofnar til þess að veita viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, skuli greiddur úr ríkissjóði, en kostnaður við aðra skóla, sem viðskiptamenntun veita, svo sem í formi námsbrautar í framhaldsdeildum grunnskóla, fjölbrautaskólum og menntaskólum, fer eftir því, sem ákveðið er um greiðslu kostnaðar á hverju skólastigi. Þannig myndi til dæmis viðskiptanámsbraut í menntaskóla vera algerlega kostuð af ríkissjóði eins og menntaskólarnir, en í fjölbrautaskólum yrði bæði um þátttöku ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga að ræða.

Þá eru sérstök ákvæði um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Þessir skólar hafa, eins og kunnugt er, í áratugi annast svo til einir verslunarmenntun í landinu á framhaldsskólastigi, en sumir gagnfræðaskólar hafa haft verslunardeildir eða einhverja þætti viðskiptanáms. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands, sem eiga að baki langan og þýðingarmikinn starfsferil, eigi rétt á að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og fái þetta fjárhagsaðstöðu til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Er þetta fólgið í því, að rekstrarkostnaður skólanna verður, samkvæmt frumvarpinu, greiddur að fullu úr ríkissjóði, nema rekstrarkostnaður heimavistar, hann greiðist með styrk úr ríkissjóði sem nemur 80% kostnaðar. Ríkisframlagið, bæði til almenns rekstrar og heimavistar, skal að hámarki miðast við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Af stofnkostnaði þessara tveggja skóla, að því er varðar kennsluhúsnæði og heimavistir, byggðar eftir gildistöku laganna, greiðir ríkissjóður 80%.

Það er skilyrði, bæði fyrir greiðslu stofn- og rekstrarstyrkja til þessara skóla, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlun um rekstrarkostnað og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggja fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingaframkvæmdum, og miðast framlög ríkisins að sjálfsögðu við það, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu laganna og samkvæmt þeim reglugerðum, sem settar verða.

Með þessum ákvæðum, ef að lögum verða, er stórbætt starfsaðstaða Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Hefur starfsemi þessara skóla orðið til þess, að eigi hefur verið jafnbrúnt fyrir ríkisvaldið að skipuleggja viðskiptamenntun á vegum ríkisins eins og verið hefði, ef þeirra hefði ekki notið við. Hefur ríkissjóður því raunverulega sparað sér stórfé með því að veita verslunarskólunum styrk í fjárlög-

um í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og aðra sérmenntun í landinu.

Við fjölbreyttari atvinnu- og viðskiptahætti og aukin umsvif innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir ber brýna nauðsyn til að veita þeim fjölmenna hópi, sem fæst við jafnbýðingarmikil störf og verslun og viðskipti, greiðan aðgang að traustri menntun til þess að skapa sér sem mesta starfshæfni og til þess að þjóðfélagið fái sem besta starfskrafta. Störfin á sviði innlendra og erlendra viðskipta verða æ umfangsmeiri og hinum auknu kröfum þarf að mæta með aukinni þekkingu, starfsþjálfun og tækni.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Rétt er að taka það fram, að í frumvarpi þessu er að nokkru leyti miðað við, að sett verði löggjöf um grunnskóla, og þar með gert ráð fyrir, að viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefjist að grunnskólanámi loknu.

##### Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þeirra mála, sem frumvarpið fjallar um, enda hefur þróunin orðið sú, að nálega allir skólar í landinu heyra nú undir það ráðuneyti. Menntamálaráðuneytið hefur farið með málefni verslunarskólanna síðan 1. janúar 1970, en áður heyrðu þeir undir atvinnumálaráðuneytið.

##### Um 3. gr.

Skólastjórn hvers skóla ræður sjálf inntöku nemenda í skólann, en heimilt er að kveða á um lágmarkseinkunn í reglugerð, og miðað er við að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi. en það svarar til núverandi átta ára skyldunáms og einu ári til viðbótar, eða að þeir hafi hlotið aðra hliðstæða menntun.

##### Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að námsefni verði ákveðið í námsskrá, en tilgreindar eru í frumvarpsgreininni sjö námsgreinar, sem vera skulu námskjarni fyrir alla nemendur skólanna. Þær greinar eru íslenska, stærðfræði, enska, vélritun, bókfærsla, hagfræði og eitt Norðurlandamál, þ. e. a. s. danska, norska eða sænska. Síðan geta menn bætt við kjörgreinum, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefnið skiptist í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi.

##### Um 5. gr.

Viðskiptamenntunin, sem frumvarpið fjallar um, á að veita undirbúning undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf, deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf, og þar að auki skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þar með framhaldsnám í háskóla. Gert er ráð fyrir, að námið taki eitt til fjögur ár og að menn fái prófskírteini að loknum hverjum ársáfanga. Almennt og sérhæft viðskiptanám er gert ráð fyrir, að taki frá einu ári til þriggja ára, og eftir þrjú ár geti menn bætt við sig einu ári til stúdentsprófs. Starfsþjálfun er hluti af náminu og sé skólunum heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti hennar.

##### Um 6. gr.

Menntun þá, sem frumvarpið fjallar um, er gert ráð fyrir að veita í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo einnig í sérstökum skólum, allt eftir því hve mikillar sérhæfingar námið krefst. Engin reynsla er enn komin af starfi fjölbrautaskóla, en sú stefna hefur verið mörkuð, að hinn nýstofnaði menntaskóli í Kópavogi verði fjölbrautaskóli og sama gildir um fyrirhugaðan menntaskóla á Austurlandi. Í ráði er og að koma á fót fjölbrautaskóla í Breiðholti í Reykjavík. Þá hefur einnig verið

rætt um framhaldsnám í fjölbrautaskólaformi á Suðurlandsundirlendi, með Selfoss sem aðalmiðstöð, og vafalaust eiga fjölbrautaskólar eftir að leysa ýmsan vanda í framhaldsmenntunarmálum landsbyggðarinnar.

#### Um 7. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir, að viðskiptamenntun verði veitt í formi námsbrautar í ýms-um framhaldsskólum, þá er einnig samkvæmt þessari frumvarpsgrein miðað við, að komið verði á fót, eftir því sem þörf krefur, sérskólum á vegum ríkisins, er veiti m. a. hin æðri og sérhæfðari stig viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi. Munu Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands gegna slíku hlutverki, en tekið er fram í laga- greininni, að fyrsti ríkisskólinn þessarar tegundar, sem stofnaður verði, skuli vera á Akureyri.

Ráðamenn á Akureyri hafa lýst miklum áhuga á því, að þar verði efnt til verslunar- skóla, og væntir nefndin, að þessi lagaákvæði stuðli að því, að þar rísi slíkur skóli innan tíðar. Þá hefur bæjarráð Húsavíkur vakið athygli á því, að verslunarskóli fyrir Norðurland væri vel settur á Húsavík. Einnig hafa forráðamenn á Suðurlandsundir- lendi látið í ljós áhuga á skóla til verslunarmenntunar þar, og er dregið á það í um- sögn um 6. grein.

#### Um 8. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla, sem stofnaðir yrðu samkvæmt 7. grein frum- varpsins, ef að lögum verður, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, en um kostnað við viðskiptamenntun, sem veitt yrði við aðra skóla, fer eftir lagaákvæðum, sem um þá skóla gilda. Sérákvæði eru þó um Samvinnuskólann og Verslunarskólann.

#### Um 9. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands og aðstaða þeirra stórlega bætt fjárhagslega, þar sem ákveðið er með frumvarpsgreininni, að þeir skuli fá allan rekstrarkostnað sinn greiddan úr ríkissjóði nema rekstrarkostnað heimavista, sem 80% ríkisstyrkur verði veittur til, ef þeirra er talin þörf. Auk þess greiði ríkissjóður 80% af stofnkostnaði nýs kennsluhúsnæðis, svo og nauðsynlegra heimavista, við þessa skóla. Framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar skóla og heima- vistar skal þó að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Þá er það skilyrði fyrir styrkveitingum, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega rekstrar- áætlun skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaðinum og að ráðuneytið hafi samþykkt nýjar byggingaframkvæmdir. Loks er það skilyrði fyrir framlögum ríkisins, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu 5. greinar frumvarpsins og samkvæmt þeim reglugerðum, sem samkvæmt lögum verða settar.

Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn hafa notið styrks í fjárlögum að undan- förnu, auk þess sem Reykjavíkurborg hefur veitt Verslunarskólanum fjárhagslegan stuðning, en að öðru leyti hafa skólarnir aflað sér tekna með allháum skólagjöldum. Er það með öllu óeðlilegt, að nemendur þurfi að greiða há skólagjöld fyrir menntun sína, þegar skólagjöld tíðkast ekki í ríkisskólum og um er að ræða menntun, sem þjóðfélaginu er mikil nauðsyn á, að veitt sé.

Þess skal getið, að verði ákvæði þessarar greinar frumvarpsins að lögum, næmi ríkisstyrkur til rekstrarkostnaðar vegna Samvinnuskólans 12—15 millj. kr. og vegna Verslunarskóla Íslands 45—50 millj. kr., hvort tveggja miðað við starfsáætlanir skól- anna fyrir skólaárið 1973—1974.

Nefndin væntir, að með ákvæðum frumvarpsins séu Samvinnuskólanum og Versl- unarskóla Íslands búin stórbætt starfsskilyrði og að þeir geti starfað áfram, þótt viðskiptamenntun fari einnig fram í ríkisskólum.

#### Um 10. gr.

Nefndin hefur ekki talið rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, sem veita menntun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, heldur fari um

það eftir ákvæðum laga og reglugerða, sem um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Hér eru ákvæði um, að skólastjóri og skólaráð skuli stjórna starfi sérskóla, og sé skólaráð þannig myndað, að skólastjóri eigi þar sæti ásamt tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, sem þeir kjósa úr sínum hópi. Á þessu skólastigi er um að ræða þroskaða nemendur, sem sjálfsagt er, að taki þátt í og beri ábyrgð á stjórn skólans með skólastjóra og kennurum.

Um 11. gr.

Hér er veitt almenn heimild til þess að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd laganna, en heimild er í fleiri greinum til þess að setja reglugerðir um tiltekin atriði, sbr. 3., 4. og 5. grein.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Fylgiskjal I.

#### FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA

28. júní 1973.

Hr. ráðuneytisstjóri,  
Birgir Thorlacius,  
Menntamálaráðuneytið,  
Hverfisgötu 6,  
Reykjavík.

Oss hefur borist bréf yðar, dags. 21. júní s.l., varðandi frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og þökkum það.

Við teljum það eitt af hlutverkum Verslunarráðs Íslands að fjalla um skipulag og tilhögun viðskiptamenntunar almennt í skólakerfinu.

Við munum því ekki senda sérstaka umsögn, heldur vísum vinsamlegast til væntanlegrar umsagnar þess um málið.

Með vinsemd og virðingu,  
Félag íslenskra stórkaupmanna,  
Júlíus S. Ólafsson (sign.)

### Fylgiskjal II.

#### KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Reykjavík 23. júlí 1973.

Kaupmannasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, með bréfi yðar dagsettu 21. júní s.l. Stjórn samtakanna hefur fjallað um þetta frumvarp, og lætur hér með í ljós álit sitt á frumvarpi þessu.

Kaupmannasamtök Íslands, fagna hverju því spori, sem stigið er til aukinnar menntunar verslunarfólks. Með því að ríkisvaldið leggur nú auka áherslu á menntun slíks fólks, teljum vér að ríkisvaldið sé þar með að viðurkenna það, sem framámenn



verslunarinnar hér á landi hafa barist fyrir í áratugi. Viðurkenning þessi er sú, að verslun sé orðin ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Kaupmannasamtök Íslands fagna því, að í frumvarpi þessu sé í fyrsta skipti í sögu skólamála landsins talað um menntun starfsfólks í smásöluverslunum. Í 5. gr. laga þessara stendur meðal annars:

„Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi vól á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórástörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf“ o. s. frv.

Þrátt fyrir það að hér sé talað um störf, er varða smásöluverslanir, er engin trygging fyrir því að þessar greinar verði kenndar, því samkvæmt lögum þessum ber að ákveða námsefni í reglugerð. Stjórn Kaupmannasamtaka Íslands leggur mikla áherslu á, að það verði tryggt með lögum þessum, að áðurnefndar greinar varðandi smásöluverslunina verði kenndar þeim, sem hug hafa á slíku.

Verslunarskóli Íslands hefur nú starfað frá árinu 1905 með ágætum árangri. Þaðan hafa útskrifast margir af helstu framámönnum verslunarinnar í dag. Kaupmannasamtök Íslands lýsa ánægju sinni með þá siðbúnu viðurkenningu, sem ríkisvaldið veitir nú skólanum, með því að meta hann til jafns við aðra framhaldsskóla landsins.

Á undanförunum árum hefur svo brugðið við, að mjög lítill hluti af þeim nemendum, sem koma frá Verslunarskóla Íslands, fer til starfa í smásöluverslunum í landinu. Þessir nemendur eru aðallega menntaðir í almennum skrifstofustörfum, en ekki í störfum, er varða smásöluverslunina, og sækja því ekki vinnu sína þangað. Sama máli gegnir um nemendur Samvinnuskólans. Það er því nauðsynlegt að ríkisvaldið skapi þeim nemendum, sem áhuga hafa á, aðstöðu til menntunar í námsgreinum smásöluverslunarinnar. Störf í verslunum eru orðin það umfangsmikil að sérhæfing starfsfólks er nauðsynleg. Hinn sívaxandi fjöldi starfsfólks í verslunum ber vott meðal annars um, að mikill áhugi er fyrir þessum störfum.

Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á, að forráðamenn skólamála sjái svo um, að með lögum þessum verði tryggt, að starfsfólk í verslunum fái tækifæri til skólamenntunar í þessum greinum eins skjótt og auðið er.

Virðingarfyllt,

F. h. Kaupmannasamtaka Íslands.

Magnús E. Finnsson (sign.)

Menntamálaráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

### Fylgiskjal III.

#### NEMENDASAMBAND SAMVINNUSKÓLANS

25. júlí 1973.

Nemendasamband Samvinnuskólans þakkar fyrir „frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi“, sem sent var sambandinu.

Vegna sumarfría og annarra ófyrirsjáanlegra atvika hefur ekki verið unnt að ræða og kynna frumvarpið ýtarlega innan Nemendasambandsins.

Stjórn Nemendasambandsins vill lýsa ánægju sinni með, að nú skuli loks vera að líta dagsins ljós löggjöf um verslunarmenntun í landinu. Jafnframt fagnar stjórnin því, að Samvinnuskólanum skuli tryggður sess í framtíðarskipan verslunarmennt-

unarinnar og nemendum þaðan skuli tryggðir möguleikar til áframhaldandi menntunar innan íslenska skólakerfisins.

F. h. stjórnar N. S. S.

Vigdís Pálsdóttir (sign)

Menntamálaráðuneytið,  
hr. ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius,  
Reykjavík.

#### Fylgiskjal IV.

### KENNAFAÉLAG VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 13. ágúst 1973

Stjórn Kennarafélags Verslunarskóla Íslands hefur kannað frumvarp það til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hið háa ráðuneyti sendi félaginu til umsagnar í bréfi dagsettu hinn 21. júní 1973. Stjórnin vill taka eftirfarandi fram varðandi fyrirnefnt frumvarp.

- 1) Ekki reyndist unnt að fjalla um frumvarp þetta á félagsfundum, enda dvelja félagsmenn flestir hverjir ekki að staðaldri í bænum yfir sumarmánuðina. Stjórnin mun því kalla saman félagsfund um þetta mál n. k. haust og áskilur sér rétt til að senda ráðuneytinu samþykktir hans, ef þær verða ýtarlegri en álitgerð þessi eða koma í bág við hana.
- 2) Stjórnin vill gera eftirfarandi athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins:
  - a) Í frumvarpinu er kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að búa sig undir verslunarstúdentspróf. Stjórnin leggur til, að orðalagi verði breytt á þann veg, að orðið stúdentspróf komi í stað orðsins verslunarstúdentspróf, enda er ekki venja að flokka stúdentspróf á þennan hátt, þótt um ýmis kjörsvið sé að ræða.
  - b) Ísjárvert virðist að fastbinda með lögum ákvæði það, sem felst í 5. gr. lið b, enda verður eigi annað séð en með því sé kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi. Ákvæði þetta virðist því ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma.

Virðingarfyllt,

f. h. K.V.Í.

Baldur Sveinsson (sign.) formaður.

Menntamálaráðuneytið,  
Hverfisgötu 6,  
Reykjavík.

## Fylgiskjal V.

### NEMENDASAMBAND VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 14. ágúst 1973.

Með bréfi hins háa ráðuneytis dags. 21. júní s.l. var óskað eftir umsögn Nemendasambands Verslunarskóla Íslands um frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Stjórn Sambandsins hefur rætt efni frumvarpsins og vill í því sambandi taka eftirfarandi fram:

- a) Að bætt verði inn í námsgreinar í kjarna ákvæðum um sérstaka þjálfun í skjalagerð og öðrum hagnýtum verslunarstörfum (s.s. meðferð banka- og verslunarskjala, notkun rafreikna og tæknileg gerð kaup- og sölusamninga).
- b) Að verslunarréttur verði meðal námsgreina í kjarna.
- c) Að öðru leyti er stjórnin sammála meginstefnu frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hinu háa ráðuneyti hér með.

F. h. stjórnar,  
Kristinn Hallsson (sign) formaður.

Til menntamálaráðuneytisins.

## Fylgiskjal VI.

### NÁMSRÁÐ SAMVINNUSKÓLANS AÐ BIFRÖST

Fundur haldinn í Námsráði Samvinnuskólans að Bifröst 15. ágúst 1973.

Nefndarmenn Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst, Borgarfirði þakka þá virðingu og traust, sem ráðinu er sýnt með því að fá því hið nýja frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi til umsagnar.

Námsráðið hefur unnið um nokkurn tíma að athugun frumvarpsins og hefur þar notið góðrar aðstoðar Guðmundar Sveinssonar skólastjóra, sem hefur fúslega svarað fyrirspurnum Námsráðsins og þakkar það honum aðstoð hans.

En því miður hafa sumarannir nokkuð háð störfum Námsráðsins, þar sem ekki náðist til allra meðlima þess.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

Námsráð Samvinnuskólans að Bifröst fagnar því framtaki og þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með hinu nýja frumvarpi og telur það bera þess glögg merki að reynt er að færa viðskiptamenntun í landinu í það horf, sem hentar nútíma-þjóðfélagi, jafnframt því sem merkur áfanga er náð í átt til nemendalýðræðis með því að veita nemendum veruleg áhrif á starf og stjórn skólanna.

Eins og áður segir er Námsráðið mjög ánægt með hið nýja frumvarp í heild, en telur þó, að þar sé sumt sem megi breyta eða bæta og annað, sem fagna beri sérstaklega, og vill Námsráðið vekja athygli á eftirfarandi athugasemdum:

- 1) Varðandi 2. grein telur Námsráðið æskilegt að athuga þann möguleika, að stofnuð verði ráðgefandi nefnd frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að námið sé í sem bestum tengslum við atvinnulífið á hverjum tíma.
- 2) Í 3. grein, þar sem kveðið er á um inngönguskilyrði, vill Námsráðið mælast til þess, að athugað verði, hvort ekki væri hægt að taka tillit til aldurs nemenda við innlöku í stað þess að taka eingöngu tillit til prófa og einkunna.

- 3) Viðvíkjandi 4. grein, þar sem kveðið er á um námsefni í kjarna, vill Námsráðið fastlega mælast til þess, að í hverjum kjarna skuli vera ein grein félagsvísinda til viðbótar því, sem upp er talið í frumvarpinu.
- 4) Varðandi þá starfsþjálfun, sem um er rætt í 5. grein, telur Námsráðið, að hún megi ekki verða til þess að viðskiptaaðilum verði gert mögulegt að notfæra sér nemendur sem ódýrt vinnuafli og rýra þannig tekjumöguleika þeirra.
- 5) Námsráðið fagnar mjög þeirri verðskulduðu viðurkenningu, sem fram kemur í 9. grein á starfsemi Samvinnuskólans að Bifröst og Verslunarskóla Íslands og því hlutverki, sem þeir hafa gegnt á liðnum áratugum í viðskiptamenntun landsmanna.
- 6) Námsráðið lýsir ánægju sinni með þá nýbreytni, sem fram kemur í 10. grein frumvarpsins, að veita nemendum aðild að stjórn skólanna og er þetta framtak stór áfangi til nemendalýðræðis að dómi Námsráðsins, en tryggja þyrfti skólastjórnnum, að þær geti verið stefnumótandi í starfi skólanna, en þurfi ekki að vera svo rigbundnar reglugerðum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins, sem 4. grein kveður á um og ósjálfrátt kallar á spurninguna: Hverju á að stjórna?

F. h. Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst

Sigmar E. Arnason (sign)

Björn Jóhannsson (sign).

## Fylgiskjal VII.

### SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA

21. september 1973

Menntamálaráðuneytið,  
Reykjavík.

Þér hafið sent oss til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Í því sambandi óskum vér að taka fram eftirfarandi:

- 1) Forráðamenn Sambandsins lýsa yfir ánægju sinni yfir því, að mál þetta skuli nú komið á þann rekspól, er frumvarpið ber vott um.
- 2) Vér teljum að leggja beri áherslu á, að frumvarpið verði að lögum á næsta Alþingi og að ákvæði þess um styrk hins opinbera til einkaskólanna komi í reynd til framkvæmda á árinu 1974.
- 3) Vér sjáum ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins. Hins vegar væntum vér þess, að fulltrúar einkaskólanna verði hér eftir sem hingað til dregnir til ráðuneytis um einstök atriði, er varða framkvæmd málsins .

Vér viljum að lokum tjá ráðuneytinu þakkir fyrir að hafa sent oss mál þetta til umsagnar.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga

Erlendur Einarsson (sign.)

Fylgiskjal VIII.

SAMVINNUSKÓLINN BIFRÖST

Bifröst 24.9. 1973

Menntamálaráðuneytið,  
Hverfisgötu 4,  
Reykjavík.

Kennarafundur Samvinnuskólans fagnar framkomnu frumvarpi um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og lýsir ánægju sinni með anda frumvarpsins og meginstefnu.

Sérstaklega lýsir fundurinn ánægju með, að samkvæmt frumvarpinu er tryggð staða og framtíð núverandi verslunarskóla, Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands.

Fundurinn sér ekki á þessu stigi ástæðu til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins, en væntir þess eindregið, að málið hljóti farsæla afgreiðslu á næsta Alþingi.

Með vinsemd og virðingu,  
Snorri Þorsteinsson, yfirkennari (sign.)

Fylgiskjal IX.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 24. sept. 1973.

Menntamálaráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

Stjórn Verslunarráðs Íslands, framkvæmdastjórn og skólanefnd Verslunarskóla Íslands hafa fengið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, til umsagnar.

Verslunarráð Íslands er samþykkt núverandi gerð frumvarpsins í heild sinni, að öðru leyti en því, að það getur ekki sætt sig við orðið verslunarstúdentspróf, sem fram kemur í lok 1. málsg. 5. gr., þar sem það gæti leitt til þrengri skilnings á gildi stúdentsprófs úr Verslunarskóla Íslands en nú er.

Verslunarráð Íslands leggur því til, að í stað orðsins verslunarstúdentspróf komi orðið stúdentspróf.

Með sérstakri virðingu,  
Þorvarður Elíasson, framkv.stj. V.Í.